

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2022

2022/EES/42/11

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1964 frá 11. nóvember 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2021 til 30. desember 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 1zq (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1354) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„1zr. **32021 R 1964**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1964 frá 11. nóvember 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á vátryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2021 til 30. desember 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Stjtúð. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 52).“

*2. gr.*Texti reglugerðar (ESB) 2021/1964, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtúð. ESB L 400, 12.11.2021, bls. 52.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.